

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,  
mig glepur sýn,  
því nú er nótt, og harla langt er heim.  
Ó, hjálpin mín,  
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,  
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.  
Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú  
og hennar ljós?  
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú  
er burt mitt hrós.  
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,  
uns fátíð öndin sættist Guð sinn við.  
Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,  
þú logar enn,  
í gegnum báru, brim og voðasker.  
nú birtir senn.  
Og ég finn aftur andans fögru dyr  
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

*Matthías Jochumsson / Newman*

## *Blessun*




## *Eftirspil* Amazing grace J. Newton



Prestur: Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson  
Organisti: Þórður Sigurðarson  
Einsöngur: Jóhanna Guðrún Jónsdóttir  
Kór: Félagar úr Voces Masculorum  
Umsjón útfarar: Harpa útfararstofa

**Ástvinir þakka auðsýnda samúð og hlýhug**

*Bálför fer fram síðar*



## Margrét Guðjónsdóttir

Fædd 19. ágúst 1932

Dáin 4. janúar 2022



Útför frá Seljakirkju  
föstudaginn 14. janúar 2022

## Forspil Söknuður

Vilhjálmur Vilhjálmsson / Jóhann Helgason

## Bæn



Snert hörpu mína, himinborna dís,  
svo hlusti englar guðs í Paradís.  
Við götu mína fann ég fjalarstúf  
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó  
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.  
Í huganum til himins oft ég svíf  
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,  
og sumir verða alltaf lítil börn.  
En sólin gyllir sund og bláan fjörð  
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyrí' í fjarska villtan vængjabyt.  
Um varpann leikur draumsins perluglit.  
Snert hörpu mína himinborna dís,  
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Davíð Stefánsson / Atli Heimir Sveinsson

## Þitningarlestur

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.  
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,  
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.  
Hann hressir sál mína,  
leiðir mig um rétta vegu fyrir sakir nafns síns.  
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,  
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér,  
sproti þinn og stafur hugga mig.  
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,  
þú smyr höfuð mitt með olíu,  
bikar minn er barmafullur.  
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,  
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.  
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

23. Davíðssálmur / Margrét Scheving

## Gudspjall

### Einsöngur

### Sem lindin tær

Bjarki Árnason / Casano Conty

## Minningarorð

### Einsöngur

### Heyr mína bæn

Ólafur Gaukur Þórhallsson / Mario Panzeri

## Bæn

Í bljúgri bæn og þökk til þín,  
sem þekkir mig og verkin mín.  
Ég leita þín. Guð leiddu mig  
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,  
sú rétta virðist aldrei greið.  
Ég geri margt, sem miður fer  
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,  
ég betur kunni þjóna þér.  
Því veit mér feta veginn þinn,  
að verðir þú æ Drottinn minn.

Pétur Þórarinsson / H. Farrar / B. Welch

## Faðir Vor

### Faðir vor

Malotte

## Moldun

